



Nýr innflytjandi á Íslandi

Velkomin til Íslands



- Það er stórt skref að flytja til nýs lands.
- Það getur tekið langan tíma að aðlagast breyttum aðstæðum, finna nýtt lífsviðurværi og skapa sér og fjölskyldu sinni gott heimili.
- Það er eðlilegt að upplifa margskonar tilfinningar á leiðinni, eins og gleði, bjartsýni, og tilhlökkun. En einnig tilfinningar eins og sorg, kvíða, vonbrigði, eftirsjá, þreytu og pirring.
- Þótt margt sé öðruvísi, skrítið og erfitt er líka margt gott og áhugavert. Það er þess virði að vera forvitin/n og jákvæð/ur gagnvart nýjum hlutum.
- Stundum er sagt: „Góðir hlutir gerast hægt“. Sýndu þolinmæði, líka gagnvart sjálfum þér.


Námskeiðið

Samfélagsfræðsla

- Markmið námskeiðsins eru fræðsla, umræður og innsýn í helstu þætti íslensks samfélags. Kaflarnir heita:
 - Nýr innflytjandi á Íslandi
 - Saga, landafræði og lífshættir
 - Börn og fjölskyldur
 - Heilbrigðismál
 - Menntun og hæfni
 - Atvinnulíf
 - Lýðræði og velferðarsamfélag
- Kennsluefnið er á glærum á níu tungumálum (íslensku, ensku, arabísku, kúrdísku, farsi, pólsku, úkranísku, rússnesku og spænsku). Það er bæði skrifað og lesið upp.
- Kennsluleiðbeiningar eru fyrir kennara.
- Myndbönd sem sýna þætti úr íslenskum veruleika eru í upphafi hvers kafla.
- Allt efnið er aðgengilegt á www.landneminn.is

Almennt um Ísland

- Ísland er eyja í Atlantshafi og er hluti af norður Evrópu.
- Landið er 103.000 km² og íbúar rúmlega 376.000 (1. jan. 2022).
- Fólkið í landinu býr meðfram strandlengjunni en enginn á hálendinu.
- Langflestir búa á höfuðborgarsvæðinu.
- Höfuðborg Íslands heitir Reykjavík.
- Á Íslandi er mikið af fjöllum, fjörðum, dölum og víðáttu.
- Þar eru einnig jöklar og fossar og fáir skógar.
- Það snjóar oft á veturna og þá er dimmt – en mjög bjart á sumrin.



Almennt um Ísland - framhald



- Ísland er lýðveldi síðan 1944.
- Kosningar til alþingis eru á 4ja ára fresti. Ríkisstjórn er mynduð eftir kosningar.
- Ísland er friðsælt land með engan innlendan her.
- Kynjajafnrétti og mannréttindi eru fest í lög.
- Ísland er velferðarríki. Það þýðir m.a. að fólk greiðir tiltölulega háa skatta af launum en fær margvíslega þjónustu á móti.
- Fyrirtækjum og einstaklingum ber skylda til að greiða skatta af tekjum sínum til ríkisins.

Almennt um Ísland - framhald

- Mikilvægir atvinnuvegir á Íslandi eru sjávarútvegur og ferðamannaíðnaður.
- Landbúnaður (kjöt og grænmeti) er stundaður og einnig eru stórar virkjanir til að framleiða rafmagn.
- Margir vinna einnig í opinberri stjórnsýslu og þjónustu, í skólakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Iðnaður og framleiðsla matvæla er líka stór þáttur í íslenskum vinnumarkaði.

Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar (Multicultural and Information Centre)

- Fjölmenningardeild (Multicultural and Information Centre) tilheyrir Vinnumálastofnun sem er opinber stofnun. Þar er veitt ráðgjöf í málefnum innflytjenda til einstaklinga, stofnanna og sveitarfélaga á íslensku, ensku, pólsku, úkraínsku, rússnesku, arabísku og spænsku.
- Á www.mcc.is má finna ítarlegar og gagnlegar upplýsingar á mörgum tungumálum um flutning til landsins eða búsetu á Íslandi
- Opnir viðtalstímar á Grensásvegi 9 frá 9-13 mánudaga til fimmtudaga og frá 9-12 á föstudögum
- MCC Web chat er opið alla virka daga frá 9-11
- Símaráðgjöf á opnunartíma VMST 450-3090 og 515-4800
- Fyrirspurnir má senda á mcc@vmst.is

Rauði krossinn á Íslandi

- Rauði krossinn á Íslandi býður upp á þjónustu og félagsstarf sem snýr að innflytjendum.
- Starfið felur í sér að skapa félagsleg tengsl, sálfélagslegan stuðning og leiðir til að kynnast samfélaginu.
- Þar má nefna verkefni eins og vinaverkefni innflytjenda, þjálfun í að tala íslensku, margvíslega ráðgjöf og ýmsa viðburði.
- Einnig er fjölbreytt sjálfbóðastarf félagsins opið innflytjendum.



Hjálparsamtök

- Flóttafólk (og aðrir innflytjendur) hafa einnig nýtt sér úrræði hjá öðrum hjálparsamtökum og má sem dæmi nefna Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn (www.herinn.is) og Samhjálp.
- Hjálparstarf kirkjunnar hefur boðið upp á verkefni sem snúa að sálrænum og félagslegum stuðningi og virkniúrræði, sérstaklega fyrir konur sem eru umsækjendur um, eða hafa fengið, alþjóðlega vernd. www.hjalparstarfkirkjunnar.is
- Samhjálp rekur m.a. kaffistofu Samhjalpar í Borgartúni 1a, Reykjavík. Þar er boðið upp á frían mat fyrir fólk sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður; morgunkaffi, meðlæti og heita máltíð í hádeginu, alla daga ársins, helgar jafnt sem helgidaga. www.samhjalp.is

Þjóðskrá Íslands



- Þjóðskrá Íslands heldur fasteignaskrá og þjóðskrá. Stofnunin gefur út vegabréf, nafnskírteini og ýmis vottorð.
- Hjá Þjóðskrá Íslands eru allir skráðir sem búa eða hafa búið á Íslandi. Fólk sem flytur innanlands á að tilkynna flutning innan sjö daga frá flutningi.
- Þjóðskrá gefur út kennitölur. Þar á líka að skrá nöfn barna og nafnabreytingar.
- Það skiptir miklu máli að nöfn og fæðingardagar séu rétt skráð frá upphafi í þjóðskrá – það getur verið erfitt að breyta slíku eftir á.
- Þeir sem ætla að gifta sig verða að hafa samband við þjóðskrá og fá staðfestingu á hjúskaparstöðu.
- Þjóðskrá er í Borgartúni 21, 105 Reykjavík og Hafnarstræti 107, 600 Akureyri.
- Það er hægt að gera margt rafrænt á vef þjóðskrár. www.skra.is

Dvalarleyfi



Mynd: <https://ja.is/utlendingastofnun-reykjavik/>

- Margir útlendingar sem vilja búa á Íslandi þurfa dvalarleyfi.
- Dvalarleyfi eru gefin út af Útlendingastofnun (www.utl.is).
- Staðsetning Útlendingastofnunar: Dalvegur 18, 201 Kópavogur.
- Það eru til ólíkar gerðir af dvalarleyfum miðað við tilgang dvalar.
- Skilyrði fyrir dvalarleyfi skiptast í a) grunnskilyrði sem gildir fyrir öll dvalarleyfi og b) önnur skilyrði sem gilda um hverja tegund fyrir sig.
- Útlendingar frá ríkjum utan Evrópska efnahagsvæðisins (EES) eða aðildarríkja EFTA, sem ætla að dvelja á Íslandi lengur en þrjú mánuði, þurfa að fá útgefið dvalarleyfi.

Dvalarleyfi - framhald

- Það er á **ábyrgð hvers einstaklings** að gæta þess að hann/hún hafi gilt dvalarleyfi á landinu.
- Það er skylda allra útlendinga sem búa á Íslandi að sækja sjálfir um dvalarleyfi ef þeir þurfa og endurnýja leyfið eftir þörfum (með minnst mánaðar fyrirvara áður en leyfi rennur út).
- Útlendingastofnun getur vísað fólki úr landi sem er ekki með gilt dvalarleyfi.
- Afgreiðslan hjá Útlendingastofnun gefur upplýsingar um hvaða gögn þurfa að fylgja umsóknum og það má finna á www.utl.is
- Hjá Útlendingastofnun er skilað inn umsóknum og fylgigögnum, teknar myndir fyrir dvalarleyfisskírteini, skönnuð fingraför og tekin viðtöl ef á þarf að halda.



Ótímabundið dvalarleyfi Ríkisborgararéttur

- Reglur um rétt á ótímabundnu dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt er best að afla sér á www.utl.is
- Það eru bæði mörg skilyrði sem þarf að uppfylla og mörg fylgigögn sem þurfa að fylgja slíkum umsóknum.
- Það getur tafið eða komið í veg fyrir að fá ótímabundið dvalarleyfi eða íslenskan ríkisborgararétt að:
 - hafa fengið fjárhagslega aðstoð frá sveitarfélagi eða ríkinu.
 - hafa fengið dóm, fyrir t.d. brot á umferðarlögum.
 - eiga ólokið mál hjá lögreglu eða dómstólum.
 - eiga ólokið mál hjá stjórnvöldum sem getur orðið til þess að þér verði vísað úr landi.



Alþjóðleg vernd

- Þeir sem sæta ofsóknum í heimalandi sínu eða eiga þar á hættu dauðarefsingu, pyndingar eða ómannúðlega meðferð eða refsingu eiga rétt á og geta sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi.
- Að auki er heimilt að veita alþjóðlega vernd á grundvelli mannúðarsjónarmiða.
- Um málsmeðferð vegna slíkra umsókna er fjallað í lögum um útlendinga.
- Útlendingastofnun annast afgreiðslu umsókna.
- Hægt er að kæra úrskurði Útlendingastofnunar til Kærunefndar útlendingamála. www.knu.is

Alþjóðleg vernd - framhald

- Umsækjendur um alþjóðlega vernd fá húsnæði og framfærslustyrk á meðan unnið er úr umsókn þeirra.
- Umsækjendum um alþjóðlega vernd stendur oft til boða að sækja námskeið. Fjöldi og tegundir námskeiða fer eftir reglum þeirrar stofnunar sem sér um mál viðkomandi einstaklings.
- Rauði krossinn á Íslandi sinnir félagslegum stuðningi og hagsmunagæslu fyrir umsækjendur.
www.raudikrossinn.is



Samræmd móttaka flóttafólks

- Flóttafólk, *sem hefur fengið alþjóðlega vernd hér á landi*, hvort sem það hefur komið hingað á eigin vegum eða í boði stjórnvalda, fær samræmda þjónustu.
- Þjónustan felur í sér íslenskukennslu og samfélagsfræðslu auk aðstoðar við atvinnuleit og aðra virkni, svo sem nám, atvinnu með stuðningi og starfsþjálfun.
- Félagspjónusta viðkomandi bæjarfélags, Vinnumálastofnun og Rauði krossinn á Íslandi eru m.a. þeir aðilar sem sjá um þjónustu við flóttafólk.

Samræmd móttaka - framhald

- Rauði krossinn undirbýr íbúðir fyrir kvótaflóttafólk og aðstoðar flóttafólk sem kemur á eigin vegum við kaup á húsbúnaði sé þess þörf.
- Rauði krossinn veitir einnig flóttafólki almennar leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf og vísar því á úrræði sem standa þeim til boða.

www.raudikrossinn.is

Réttur til túlkþjónustu

- Innflytjendur þurfa oft að nota túlka.
- Þeir eiga rétt á að nota túlk í heilbrigðisþjónustu, í samskiptum við lögreglu og fyrir dómi.
- Viðkomandi stofnun greiðir þá fyrir túlkinn.
- En þú þarft sjálf/ur að biðja um túlk með fyrirvara. Ekki vera feimin/n að segjast þurfa túlk. Það er þinn réttur.
- Aðrar stofnanir nota líka oft túlka, t.d. skólar, og þjónustumiðstöðvar.

Bankar

- Banki er fyrirtæki sem sinnir aðallega útborgunum, lánum og ávöxtun á fé.
- Þeir sem eru yngri en 18 ára mega ekki taka lán í banka en mega eiga bankareikning (með leyfi forráðamanna) og leggja inn peninga (safna) og millifæra (taka út) peninga.
- Forráðamenn eru oftast foreldrar barns.
- Bankar bjóða upp á fjölbreytta þjónustu:
 - Bankareikninga.
 - Debet- og kreditkort.
 - Bankaþjónustu í gegnum netið og gegnum síma.

Bankareikningur

- Allir verða að eiga bankareikning til að sinna persónulegum fjármálum sínum.
- Best er að hafa opinn reikning sem er hægt að taka út af þegar það þarf.
- Margir stofna líka sérstaka sparireikninga.
- Bankareikningur er nauðsynlegur til að geta:
 - Fengið greidd laun eða bætur.
 - Fengið millifærslur frá einstaklingum, innanlands eða frá útlöndum.
 - Tekið út peninga, greitt reikninga eða millifært rafrænt á aðra reikninga.



Bankareikningur - framhald

- Þegar einstaklingur hefur fengið dvalarleyfi og skráð sig í Þjóðskrá Íslands (www.skra.is) – og fengið íslenska kennitölu – getur hann/hún sótt um að stofna bankareikning.
- Bankinn athugar hvort persónulegar upplýsingar (t.d. nafn, kennitala, símanúmer, netfang) séu réttar hjá öllum viðskiptavinum sínum.
- Bankar athuga líka hvaðan peningarnir koma sem einstaklingar fá á reikning sinn og hvernig maður ætlar að nota peningana.
- Þetta er í formi spurningalista sem allir þurfa að svara (merkja við svör) þegar þeir stofna bankareikning.
- Á Íslandi nota flestir rafrænan greiðslumáta; kort eða greiðslur með síma.



This Photo by an unknown author is licensed under [CC BY-SA-NC](https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/)



This Photo by an unknown author is licensed under [CC BY-NC-ND](https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/)



This Photo by an unknown author is licensed under [CC BY-SA](https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/)

Rafræna Ísland

- Á Íslandi er mikið um rafræna þjónustu og rafrænar lausnir í samskiptum. www.skilriki.is
- Allar stofnanir og fyrirtæki hafa heimasíðu með helstu upplýsingum.
- Hægt er að senda tölvupósta og/eða senda fyrirspurnir í beinu spjalli á netinu.
- Einnig er algengt að fylla út eyðublöð í gegnum netið og senda skjöl sem skönnuð skjöl í tölvupósti. Einnig eru notaðar „rafrænar undirskriftir“.
- Stofnanir setja einnig persónulegar upplýsingar og svör til einstaklinga inn á örugg svæði á vefsíðum sínum. Svæðin heita „Mínar síður“.
- Á Íslandi eru í gildi ströng lög um verndun og miðlun persónuupplýsinga sem allir þurfa að hlíta, jafnt opinberar stofnanir sem fyrirtæki.

Innskráning í Netbanka

Rafræn skilríki

Skilríki í síma

Símanúmer

Skilríki á korti

Setjið kort í lesarann

SMS / App auðkenning

Notandanafn

Lýkilorð

Öryggiskóði

Hægt er að slá inn öryggiskóða úr auðkenningarappi eða fá öryggiskóða sendan með SMS. SMS er sent í skráð símanúmer notanda.
Nánari upplýsingar um auðkenningarapp

Mynd: www.netbanki.arionbanki.is

- Bankaþjónusta er mjög rafræn á Íslandi
 - Allir hafa heimabanka í gegnum sinn banka og sjá allar færslur á reikningum, geta millifært peninga, borgað reikninga og séð launaseðla sína.
 - Það er hægt að greiða með debit- og kreditkortum sínum í gegnum snjallsíma.
 - Það er hægt að nota rafrænt bankakerfi í gegnum heimasíður bankanna eða í gegnum bankaöpp.
- Þjónusta heilsugæslu er líka rafræn (til viðbótar við hefðbundna þjónustu)
 - Á www.heilsuvera.is er hægt að senda beiðni til sinnar heilsugæslustöðvar um endurnýjun lyfseðils, panta tíma/símatíma hjá lækni og biðja um blóðprufu eða læknisvottorð.
 - Alltaf er hægt að bóka tíma á heilsugæslunni og hitta lækni eða hjúkrunarfræðing (sjá kafla 4 um heilbrigðismál).

Rafræna Ísland - framhald

Rafræn skilríki



- Rafræn skilríki eru notuð í gegnum farsíma.
- Það er hægt að sækja um rafræn skilríki hjá sínum banka eða hjá Auðkenni (Borgartúni 31, 3. hæð, 105 Reykjavík). www.audkenni.is; www.skilriki.is
- Þá þarf að mæta í bankann eða hjá Auðkenni.
- Það þarf að hafa meðferðis gilt vegabréf, eiga íslenskt símanúmer og vera með íslenska kennitölu.
- Það er mikilvægt að verða tölvufær/geta notað netið í snjallsíma sem allra fyrst á Íslandi. Það auðveldar og einfaldar lífið.
- Það er líka mikilvægt að eiga sitt eigið netfang!



Samgöngur – strætó



- Á Íslandi eru ekki lestir og ekki heldur neðanjarðarlestakerfi.
- Fólk ferðast með bílum, strætisvögnum, hjólandi eða gangandi.
- Það er líka hægt að fljúga á milli nokkurra staða innanlands.
- Strætókerfið er aðgengilegt á www.bus.is
- Þar er hægt að sjá leiðakerfið, finna út hvaða strætó á að taka og kaupa stakar ferðir, mismunandi tegundir af kortum, eða Klapp smáforritið.
- Nýir snertilausir skannar verða teknir í notkun 2023. Þeir heimila notkun á forritum eins og Google Wallet or Apple Pay.
- Það er líka hægt að borga með peningum en bílstjórinn gefur ekki til baka.

Samgöngur - bílar

- Bílaeign er almenn meðal almennings á Íslandi. Bíla er hægt að kaupa hjá bílaumboðum, hjá bílasölum og í gegnum ýmsa vefmiðla.
- Allir bílar sem eru notaðir verða að vera tryggðir hjá tryggingafélagi.
- Það er skylda skv. lögum að nota bílbelti á Íslandi.
- Börn verða skv. lögum að vera í bílstólum sem hæfa þyngd og aldri.
- Á veturna er oft slæm færð og hálka á götum úti. Bílar verða þá að vera á vetrardekkjum (eða heilsársdekkjum). Á sumardekkjum spóla þeir og komast ekki áfram.
- Nagladekk eru líka til, en það má ekki keyra á þeim á sumrin, bara á veturna. Þau eru aðallega notuð þegar það er keyrt úti á landi í miklum snjó.



Mynd: <https://reykjavik.is/frettir/gridarmikill-snjor-i-reykjavik>

Ökunám og ökuskrá

- Samkvæmt umferðarlögum má enginn stjórna bifreið eða bifhjóli nema hafa til þess gilt ökuskrá.
- Sýslumenn annast útgáfu ökuskrá. Sjá reglur: www.syslumenn.is/thjonusta/skrateini-vegabref-vottord/okuskrateini
- Til að fá útgefið íslenskt ökuskrá, sem er byggt á erlendum ökuréttindum, þarf að sýna fram á gild ökuréttindi í heimaríki og sýna búsetuvottorð frá Þjóðskrá Íslands. (www.skra.is)
- Bílprófsaldur er 17 ár á Íslandi. Það má byrja að læra að keyra bíl 16 ára. Ökunám er bæði verklegt með ökukennara og bóklegt í ökuskrá. Heimilt er að nota túlk í skriflegu ökuprófi. www.samgongustofa.is

Íslenskukennsla



Mynd frá VMST

- Símenntunarstöðvar, tungumálaskólar og hjálparsamtök bjóða upp á íslenskunámskeið.
- Hægt er að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.
- Námskeið í skólum kosta en oft er hægt að fá endurgreitt frá sínu stéttarfélagi (skv. reglum hvers stéttarfélags) eða fá styrk frá Vinnumálastofnun eða félagsþjónustu síns sveitarfélags ef fólk á rétt á því.
- Samband íslenskra kristniboða býður upp á ókeypis íslenskunámskeið í Reykjavík, www.sik.is og fleiri trúfélög og hjálparsamtök gera það.

Að læra íslensku

- Það er mikilvægt að læra íslensku – eins vel og hver og einn getur.
- Íslensku er hægt að læra og þjálfra á ýmsan hátt, taka skorpur og hlé á milli. Fyrir flesta er nauðsynlegt að læra íslensku á námskeiðum en það hjálpar að:
 - Nota ókeypis efni á netinu og nota tungumálaöpp í símanum.
 - Kíkja á öpp fyrir matvöruverslanir til að skoða vörur, verð og tilboð.
 - Nota rafrænt efni fyrir börn, lesa barnabækur og hlusta á sögur og horfa á barnaefni.
 - Hlusta á tónlist á íslensku.
 - Lesa létt efni á samfélagsmiðlum og fréttamiðlum og hlusta á það.
 - Skoða skilti og merkingar í búðum, utan á byggingum og á skiltum.
 - Horfa á efni með íslenskum texta og horfa á efni á íslensku.
 - Merkja hluti á heimilinu með íslenska heitinu – þá sérðu orðin daglega.
 - Horfa, hlusta, skrifa, lesa og rifja upp og bæta við smávegis á hverjum degi.
 - Nota íslensku (líka þótt þú kunnir ensku) hvenær sem tækifæri gefst, t.d. í búðum og vera ófeimin að spyrja spurninga og biðja um aðstoð.

Sjálfstraust og virkni



Það er mikilvægt að byggja upp sjálfstraust og láta sína rödd heyrast í samfélaginu með því að taka fyrsta skrefið og

- byrja að nota tungumálið t.d. bara að kaupa kaffibolla á bensínstöð eða ís í ísbúð og bjóða góðan daginn.
- tala við fólk að fyrra bragði og kynnast fólki
- reyna að eignast vin eða vinkonu sem talar við þig íslensku
- fara á nýja staði
- prófa nýja hluti

Það er hægt að taka aukinn þátt í samfélaginu með því t.d. að:

- taka þátt í hjálparstarfi, félagastarfi, frístundum, íþróttum eða trúfélagi
- nýta sér þjónustu Rauða krossins fyrir innflytjendur
- taka þátt í foreldrasamstarfi barna þinna og umræðum í foreldrahópum eða fjölbreyttum öðrum hópum á samfélagsmiðlum
- spyrja spurninga og leita aðstoðar, t.d. kennara, nágranna eða foreldra skólafélaga barna þinna

Mikilvægar stofnanir og ýmsar vefsíður

Arion banki. www.arionbanki.is
Íslandsbanki. www.islandsbanki.is
Landsbankinn. www.landsbankinn.is
Bráðamóttakan. www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/bradamottakan-i-fossvogi
Fjölmenningarsetur www.mcc.is
Fæðingarorlofssjóður
www.vinumalastofnun.is/faedingarorlofssjodur
Heilsugæsla www.heilsuvera.is – sameiginleg síða fyrir
heilsugæslur
Læknavaktin www.laeknavaktin.is
Rauði krossinn á Íslandi www.raudikrossinn.is
Tryggingastofnun www.tr.is
Útlendingastofnun www.utl.is
Vinumálastofnun www.vmst.is
Þjóðskrá Íslands www.skra.is
Félagsþjónusta sveitarfélaga (dæmi, www.reykjavik.is)

www.audkenni.is
www.herinn.is
www.hjalparstarfkirkjunnar.is
www.knu.is
www.landneminn.is
www.rsk.is
www.ruv.is/krakkaruv
www.samgongustofa.is
www.samhjalp.is
www.sik.is
www.syslumenn.is
www.skilriki.is
www.rsk.is/media/baeklingar/rsk_0812_2020.en.pdf



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið